

Sent til Mbl.is: 1.3.2020
Birt í Mbl: 4.3.2020
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Ég á erfitt með að skilja þessa óskilgreindu reiði. Staðreyndin er sú að ESB kom hvergi nærri samningum Landsvirkjunar og ISAL árið 2010.

Um raforkuverð ISAL í samningi við Landsvirkjun

Elías Elíasson er ekkert að skafa utan af hlutum í grein sinni í Morgunblaðinu þriðjudaginn 25. febrúar síðast liðinn: „Þar kom að því. Stefna ESB í raforkumálum, innleidd hér með orkupökkum, er farin að yta stóriðjunni úr landi og fyrst í röðinni er álverði í Straumsvík. Þetta er búið að liggja í loftinu í mörg ár en Landsvirkjun reynir enn að telja þjóðinni trú um að það sé ekki raforkuverðinu að kenna hvernig komið er. Nú er það orðið alveg skýrt. Landsvirkjun telur sér skylt samkvæmt reglum ESB að blóðmjólka viðskiptavini sína svo lengi sem þeir tóra.“

Ég á erfitt með að skilja þessa óskilgreindu reiði. Staðreyndin er sú að ESB kom að mér vitanlega hvergi nærri samningum Landsvirkjunar og ISAL árið 2010. Á hvern hátt tilvera orkupakka 1 og 2 í raforkulögunum 2003 hafði bein áhrif á samningsgerðina þyrfti Landsvirkjun að svara fyrir, en mér er mjög til efs að þar sé á ferðinni eitthvert orsakasambandi.

Til að útskýra mál sitt birtir Elías tvö línurit úr skýrslu frá US EIA (Energy Information Agency) Annual Energy Outlook 2020.

Fyrra línuritið sýnir þróun álverðs í USD/tonn frá 1. janúar 1989 til okkar tíma og þróun neysluvísitölu í Bandaríkjunum yfir sama tímabili með upphafspunkt í 1200 USD/tonn, en af hverju að nota það gildi og þann upphafspunkt veit ég ekki?

Seinna línuritið sýnir spá um þróun á gasverði í USD/MBTU á svo nefndum Henry Hub gasmarkaði í Louisiana USA. Þar kynnir Elías hvernig gasverð á mörkuðum breytist með framboði á olíu og gasi. Til dæmis er óvissubíl árið 2050 áætlað (-68%; +77%). Í skýrslu US EIA er einnig sýnt sama óvissubíl fyrir verð á almennum raforkumarkaði, en það er miklu minna eða aðeins (-6%; +9%). Þar er að öllum líkindum virkni raforkumarkaða í gangi, sem milda áhrif ytri breytinga svo sem verð á gasi og olíu.

Út frá línuritunum á það síðan að vera lesandans að finna út hvernig breytileikinn kemur fram í raforkusamningi Landsvirkjunar og ISAL frá árinu 2010. Mér tókst það ekki greiðlega, enda marvíslegar og mismunandi einingar á ferð, svo ég greip til þess ráðs að búa til nýtt línurit sem ætlað er að útskýra að hvaða leyti téður samningur er erfiður ISAL, sbr. meðfylgjandi mynd.

Samningurinn er víst trúnaðarmál, en forsendur mínar eru að umsamið raforkuverð 2010 hafi verið 32,06 USD/MWh og það breyst síðan með vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum. Þetta er sýnt með bláu línunni á meðfylgjandi mynd. Þar er einnig er sýnd þróun raforkuverðs ef álverðstenging hefði gilt, með brúnu línunni. Tölur fyrir árið 2020 eru ágiskaðar enda er árið enn ekki liðið. Einnig eru sýnd þrjú síðustu árin á undan 2010 ef samningurinn hefði gilt á því tímabili, svona til viðmiðunar, en raunveruleikinn var vitaskuld annar á þeim tíma.

Á myndinni kemur berlega fram að árið 2011 hefur verið hagstætt ISAL en strax árið 2012 fer að síga á ógæfuhliðina vafalaust vegna áhrifa af stórauðslu Kínverja eins og reyndar Elías útskýrir í grein sinni. Þessi slagsíða heldur síðan áfram næstu 9 árin fram til dagsins í dag og er

raforkuverðið núna orðið 38 USD/MWh, en hefði verið 27 USD/MWh með álverðstenginu í samningnum 2010 eða 30% lægra.

Ég ætla að láta hjá líða að ræða loftslagsstefnur eða áhrif hækkunar á gengi krónunnar á samning Landsvirkjunar og ISAL en gríp næst niður í eftirfarandi klausu í grein Elíasar: „Íslenska raforkukerfið gegnir því hlutverki einu að flytja orku fallvatna og jarðvarma til notenda og virkjanirnar hafa það hlutverk eitt að breyta þessari orku í flutningshæft form sem er rafmagn. Það er því rétt að eðli máls að líta á virkjanir sem hluta flutningskerfisins fremur en sem framleiðslueiningar fyrir vöru, enda eru þær frá náttúrunnar hendi misdýrar og geta því ekki keppt hver við aðra á grundvelli jafnstöðu.“ Vegna þessa telur Elías að það sé tómt mál að tala um markaðsvæðingu á Íslandi að hætti ESB.

Elías hefur skrifar margar áhugaverðar greinar sem birst hafa í fjölmiðlum á undanförunum árum og hef ég lesið þær allar. Ekki í nokkurri þeirra hefur hann haldið fram þessari skoðun sinni. Þetta kemur allt í einu núna. Þarna er kannski komin skýring á því af hverju hann er svo mikið á móti orkupökkum Evrópusambandsins ESB. Þar er gerður skýr greinarmunur á framleiðslueiningu (virkjun), flutningskerfi, dreifikerfi og markaði og er nú búið að taka upp þessa skilgreiningu nánast í öllum ríkjum heims með góðum árangri og samstöðu. Samkvæmt staðhæfingu Elíasar virðist hann vilja leggja niður virkjunarfyrirtækin eins og t..d. Landsvirkjun og kannski að leggja þau inn í Landsnet og búa síðan til alíslenskt raforkukerfi sem við öll getum verið stolt af? Miðstýrt, sem flestar þjóðir eru á fullu að leggja af. Enginn innflutningur á einhverju útlensku Evrópusambands-rugli? Er það virkilega hugmyndin?

Svo segir Elías að það sé „tómt mál að tala um markaðsvæðingu að hætti ESB“. Vonandi fer hönnun Landsnets á nýjum raforkumarkaði að líta dagsins ljós, en þeir hafa fengið útlendinga til að vinna verkið. Hvað segir Elías um það?

Raforkuverð í samningi Landsvirkjunar og ISAL 2010

